

Greinargerð með ársreikningi 2019

Tekjur

Heildarrekstrartekjur sambandsins eru ríflega 19 milljónum hærrí en gert var ráð fyrir í áætlun. Tekjur af landsleikjum voru töluvert yfir áætlun eða um 41 milljón vegna aukinnar miðasölu á leiki. Tekjur Laugardalsvallar eru um 15 milljónum undir áætlun og munar þar mest um 11 milljónir vegna leikja Fram, en Framarar tóku þá ákvörðun um vorið að spila ekki á vellinum.

Munar á tekjum vegna sjónvarpsréttar er lækkun um 16 milljónir vegna gengismunar fyrirfram innheimtra tekna á milli áætlunar og dagsetningar tekjufærslu.

Rekstrargjöld

Tveir liðir valda aðallega kostnaði umfram það sem áætlað var. Annars vegar landsliðskostnaður og hins vegar hallarekstur á Laugardalsvelli. Landsliðskostnaður er hærrí um sem nemur tæpum 88 milljónum.

A landslið karla fer 43 milljónum fram úr áætlun. Þar af var kostnaður við heimaleiki 27 milljónir yfir áætlun og ferða- og hótélkostnaður var 16 milljónum hærrí en gert var ráð fyrir. Kostnaður við heimaleiki A landsliðs kvenna og U21 landsliðs karla fer einnig fram úr áætlun. Skýringin á þessum aukna kostnaði við heimaleiki eru m.a. auknar kröfur UEFA um öryggisgæslu, sjúkrabíla, aukinn markaðs- og auglýsingakostnaður og aðgerðir til að bæta upplifun áhorfenda á vellinum sem gaf síðan hærrí tekjur í miðasölu.

Kostnaður U17 karla fór 12 milljónum fram úr áætlun, fyrst og fremst vegna betra gengis liðsins, sem tryggði sér rétt til þátttöku lokakeppni í Dublin sem hafði umtalsverðan kostnaðarauka í för með sér.

Hjá U19 kvenna felst hækkunin í því að milliriðill þeirra var haldinn hÉrlendis og þeirri staðreynd að hótélverð á Íslandi eru verulega óhagstæð.

Laun og launatengd gjöld eru um 6 milljónum hærrí en gert var ráð fyrir. Helstu liðir þar til hækkunar eru áfallið orlof, sem hækkaði um rúmar 2,5 milljónir, en gert hafði verið ráð fyrir lækkun á þeim lið og markmið um að starfsmenn nýttu orlof sitt gengu ekki eftir. Námskeið starfsmanna voru einnig hærrí í heildina en gert hafði verið ráð fyrir og einnig þurfti að hafa fleira fólk á launum vegna tónleika Ed Sheeran á Laugardalsvelli og leigu til Fossvogsskóla.

Rekstrarkostnaður Laugardalsvallar er ríflega 12 milljónum hærrí en áætlað var. Helstu ástæður þess eru að kostnaður vegna starfsloka varð meiri en áætlun gerði ráð fyrir, rekstur mannvirkja var um 8 milljónum hærrí vegna aukins viðhalds vallarins og mannvirkja, ræsting og hreinsun vallar og umhverfis hans var yfir áætlun. Þá var kostnaður við öryggisgæslu um 2 milljónum yfir áætlun vegna aukinna krafna og aðstæðna á Laugardalsvelli sem gera öryggisgæslu erfiða, svo og kölluðu sérstakar aðstæður á einstökum leikjum á aukinn viðbúnað.

Á liðnu vori var ljóst í hvað stefndi með rekstur Laugardalsvallar. Stjórn samþykkti að senda bréf á Reykjavíkurborg í júní vegna aukins kostnaðar við rekstur vallarins og fór fram á endurskoðun á samningi vegna forsendurbrests í samræmi við ákvæði hans. Þetta erindi er enn í ferli og vinnslu hjá Reykjavíkurborg.